

Ár 2018, föstudaginn 2. nóvember, er í áfrýjunardómstóli HSÍ í málinu nr. 1/2018:

Knattspyrnufélagið Víkingur, handknattleiksdeild

gegn

Knattspyrnufélaginu Þrótti, handknattleiksdeild

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r :

Mál þetta dæma Gunnar Jónsson, Benedikt Bogason og Þorsteinn Einarsson.

Áfrýjað er dómi dómstóls HSÍ, uppkveðnum 5. október sl. en með honum var fallist á varakröfu stefnda um að síðustu 10 sekúndur leiks aðila sem fram fór 20. september 2018 yrðu leiknar að nýju.

Áfrýjandi gerir þá aðalkröfu að hinn áfrýjaði dómur verði ógiltur en til vara að leikurinn verði allur leikinn að nýju.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Málsatvikum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Í hinum áfrýjaða dómi er komist að þeirri niðurstöðu að ákvörðun dómara um að dæma Víkingi víti á síðustu sekúndum leiksins hafi falið í sér ranga beitingu leikreglna en ekki rangt mat á staðreyndum. Áfrýjunardómstóllinn fellst á þá niðurstöðu.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi getur dómstóll HSÍ m.a. kveðið á um að leikir teljist ógildir, þeir endurteknir eða dæmt um úrslit þeirra. Áfrýjunardómstóllinn telur hinsvegar ekki, að á grundvelli þessara heimilda í 1. mgr. 45. gr. laga HSÍ felist að endurtaka megi leik að hluta. Niðurstaða dómstólsins er því að leikurinn er ógiltur og að nýr leikur skuli fara fram.

D ó m s o r ð :

Leikur Þróttar og Víkings, sem fram fór þann 20. september sl., er ógiltur og skal leikinn að nýju.

Gunnar Jónsson

Benedikt Bogason

Þorsteinn Einarsson